



Borgarráð

Reykjavík, 14. september 2026

MOS26080002

Tillaga um kjarasamningsumboð Reykjavíkurborgar

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela Sambandi íslenskra sveitarfélaga (hér eftir Sambandið) umboð til kjarasamningsgerðar fyrir hönd Reykjavíkurborgar við hlutaðeigandi stéttarfélög, sjá meðfylgjandi drög að samkomulagi um kjarasamningsumboð. Jafnframt verði samninganefnd Reykjavíkurborgar í kjaraviðræðum leyst undan störfum. Samhliða flutningi á kjarasamningsumboði verði sameiginlegt eignarhald og ábyrgð á sameignarfélagi aðila, Jafnlaunastofu sf. endurskoðað. Þá verði sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs falið að útfæra breytingar á skrifstofu kjaramála vegna þessa breytinga.

Greinargerð:

Samninganefnd Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarstjóra sem setur henni erindisbréf en borgarráð fól borgarstjóra hinn 28. febrúar 1989 að fara með samningsumboð Reykjavíkurborgar og annast samningsgerð f.h. Reykjavíkurborgar við hlutaðeigandi stéttarfélög starfsmanna.

Reykjavíkurborg hefur átt aðild að sameiginlegri kjarasamningsgerð Sambandsins vegna grunnskólans frá því að ákvörðun var tekin um flutning grunnskólastigsins frá ríki til sveitarfélaga. Aðild þessi var ákveðin með sérstöku samkomulagi á milli kennarafélaganna, sveitarfélaganna og ríkisins og var þar kveðið á um að sveitarfélögin myndu koma fram sem einn samningsaðili að minnsta kosti til loka ársins 1999. Sama gilti um aðkomu kennarafélaganna tveggja sem þá voru starfandi, Kennarasambands Íslands og Hins Íslenska kennarafélags en þau hafa síðan verið sameinuð í eitt félag undir nafni Kennarasambands Íslands (hér eftir KÍ). Aðildarfélag KÍ, Félag grunnskólakennara og Skólastjórafélag Íslands fara hvort um sig með samningsrétt vegna sinna félagsmanna.

Innan KÍ eru einnig Félag leikskólakennara og Félag stjórnenda í leikskólum og hefur Sambandið jafnframt farið með samningsumboð borgarinnar vegna þeirra kjarasamninga um langan tíma enda þótt þar hafi ekki verið um að ræða flutning verkefna frá ríki.

Sambandið fer auk þess með samningsumboð borgarinnar gagnvart stéttarfélögum tónlistarkennara og starfsfólks í tónlistarskólum, annars vegar Félagi tónlistarkennara, sem er aðildarfélag KÍ og hins vegar Félagi íslenskra hljómlistarmanna, sem er eitt af aðildarfélögum Bandalags háskólamanna (hér eftir BHM). Þannig er kveðið á um það í lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla að starfsmenn tónlistarskóla, sem ekki eru reknir af sveitarfélögum en njóta styrks samkvæmt lögunum, skulu njóta launa í samræmi við kjarasamninga sem launanefnd sveitarfélaga gerir, sjá 9. gr. laganna. Samninganefnd Sambandsins er því lögbundinn samningsaðili þeirra félaga vegna starfsfólks tónlistarskólanna.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) og Strætó bs. eru byggðasamlög í eigu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og fer Sambandið jafnframt með samningsumboð gagnvart Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna vegna



starfsfólks SHS og gagnvart Sameyki vegna starfsfólks Strætó bs. Bæði stéttarfélögin eru aðilar að BSRB.

Reykjavíkurborg hefur svo samið við önnur þau aðildarfélög BHM og BSRB sem við á, sem og við aðildarfélög innan Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og við félög utan bandalaga. Þeir viðsemjendur borgarinnar gera einnig kjarasamninga við Sambandið nú þegar, að undanskildu Félagi sjúkrahjálfa og Stéttarfélagi tölvunarfræðinga.

Samstarf opinberra launagreiðenda, þ.m.t. ríkis og sveitarfélaga, í kjaramálum hefur aukist til muna á allra síðustu árum. Opinberir vinnuveitendur, Reykjavíkurborg, önnur sveitarfélög og ríkið, hafa mótað sér sameiginlega kjarastefnu samkvæmt tillögu kjaramálaráðs sem staðfest var í borgarráði þann 4. júní 2019. Kjaramálaráð hefur þar verið mikilvægur vettvangur fyrir samráð opinberra vinnuveitenda og samhæfingu opinberrar kjaramálastefnu. Í sameiginlegri kjarastefnu ríkis og sveitarfélaga segir meðal annars að stefnan byggji á hagstjórnarlegum markmiðum fjármálaáætlunar og samkomulagi ríkis og sveitarfélaga varðandi markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga. Opinberri kjarastefnu er ætlað að vera leiðarljós við undirbúning og gerð kjarasamninga.

Þá hafa Reykjavíkurborg og Sambandið komið á fót Jafnlaunastofu sf. sem hefur meðal annars það hlutverk að hafa umsjón með rekstri verkefnastofu starfsmats. Verkefnastofa metur störf sveitarfélaganna samkvæmt starfsmatskerfinu SAMSTARF og hafa allir viðsemjendur Reykjavíkurborgar í kjarasamningum, utan félaga kennara og stjórnenda í skólum, samið um að meta störf samkvæmt starfsmatskerfinu. En þessi misserin er unnið að svokallaðri virðismatsvegferð kennara á grundvelli innanhússtillögu ríkissáttasemjara frá 25. febrúar 2025 þar sem unnið er að starfsmatskerfi fyrir störf kennara og stjórnenda í skólum.

Hagsmunir Reykjavíkurborgar liggja í þétu og öflugu samstarfi á vettvangi kjaramála hins opinbera og með hliðsjón af þróun mála á opinberum vinnumarkaði, sér í lagi með þeirri þróun sem hefur orðið á umræðu og umgjörð á virðismati starfa hins opinbera, er fullt tilefni til þess að endurskoða sérkjarasamningsstefnu Reykjavíkurborgar. Með sameiginlegri kjarasamnings-gerð mætti styrkja samningsstöðu sveitarfélaganna en opinberir vinnuveitendur hafa lengi haft það að markmiði að styrkja samstarf sitt í kjaramálum og hvetja með því jafnframt til meira samstarfs viðsemjenda sinna, m.a. undir merkjum heildarsamtaka og bandalaga launafólks.

Mikilvægt er þó í ljósi umfangs og umsvifa Reykjavíkurborgar í mannauðs- og starfsmannamálum sveitarfélaganna að tryggja fulltrúa Reykjavíkurborgar beina aðkomu að mótun stefnu og samningsmarkmiða í sameiginlegri kjarasamningsgerð, með föstu sæti fulltrúa borgarinnar í kjaramálanefnd Sambandsins. Er því gert ráð fyrir því í meðfylgjandi drögum að samkomulagi um kjarasamningsumboð.

Kostnaðaráhrif - trúnaðarmál

Samningsgjald Reykjavíkurborgar miðað við 9.265,5 stöðugildi¹ er áætlað rétt tæpar 48.4 m.kr. með framlögum til reksturs Jafnlaunastofu samkvæmt upplýsingum frá sambandinu. Kostnaður vegna samninganefndar Reykjavíkurborgar er nú á ársgrundvelli 18.1 m.kr. sem félli niður þegar samninganefnd yrði leyst undan störfum. Með flutningi á kjarasamningsumboði mætti að auki hagræða um 40 m.kr. með

¹ Reykjavíkurborg án Orkuveitunnar, SORPU og Strætó bs. í árbók sveitarfélaganna, https://samband-islenskra-sveitarfelaga.cdn.prismic.io/samband-islenskra-sveitarfelaga/ae97HsBOoF08xVZE_%C3%81rb%C3%B3k2025B%C3%B3kin%C3%B6ll.pdf, bls. 84.





breytingum á störfum á skrifstofu kjaramála á MOS og þá myndu framlög Reykjavíkurborgar til reksturs Jafnlaunastofu vegna 50% eignarhalds 55.5 m.kr. falla niður eða alls um 113 m.kr. Áætlað hagræði af því að fela sambandinu kjarasamningsumboð fyrir Reykjavíkurborg er því tæpar 65.5 m.kr.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

1. Minnisblað sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs, dags. 10. september 2026
2. Samkomulag um kjarasamningsumboð
3. Viljayfirlýsing um endurskoðun á eignarhaldi Jafnlaunastofu



Reykjavík



Viðtakandi: Borgarstjóri

Sendandi: Sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs

Reykjavík, 10. september 2026

Málsnúmer: MOS26080002

MINNISBLAÐ

Efni: Breyting á umboði til kjarasamningsgerðar

Samninganefnd Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarstjóra sem setur henni erindisbréf en borgarráð fól borgarstjóra hinn 28. febrúar 1989 að fara með samningsumboð Reykjavíkurborgar og annast samningsgerð f.h. Reykjavíkurborgar við hlutaðeigandi stéttarfélög starfsmanna.

Reykjavíkurborg hefur átt aðild að sameiginlegri kjarasamningsgerð Sambands íslenskra sveitarfélaga (hér eftir Sambandið) vegna grunnskólans frá því að ákvörðun var tekin um flutning grunnskólastigsins frá ríki til sveitarfélaga. Aðild þessi var ákveðin með sérstöku samkomulagi á milli kennarafélaganna, sveitarfélaganna og ríkisins og var þar kveðið á um að sveitarfélögin myndu koma fram sem einn samningsaðili að minnsta kosti til loka ársins 1999. Sama gildi um aðkomu kennarafélaganna tveggja sem þá voru starfandi, Kennarasambands Íslands og Hins Íslenska kennarafélags en þau hafa síðan verið sameinuð í eitt félag undir nafni Kennarasambands Íslands (hér eftir KÍ). Aðildarfélag KÍ vegna grunnskólans, Félag grunnskólakennara og Skólastjórafélag Íslands fara hvort um sig með samningsrétt vegna sinna félagsmanna. Innan KÍ eru einnig Félag leikskólakennara og Félag stjórnenda í leikskólum og hefur Sambandið jafnframt farið með samningsumboð borgarinnar vegna þeirra kjarasamninga um langan tíma enda þótt þar hafi ekki verið um að ræða flutning verkefna frá ríki.

Sambandið fer auk þess með samningsumboð borgarinnar gagnvart stéttarfélögum tónlistarkennara og starfsfólks í tónlistarskólum, annars vegar Félagi tónlistarkennara, sem er aðildarfélag KÍ og hins vegar Félagi íslenskra hljómlistarmanna, sem er eitt af aðildarfélögum Bandalags háskólamanna (hér eftir BHM). Þannig er kveðið á um það í lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla að starfsmenn tónlistarskóla, sem ekki eru reknir af sveitarfélögum en njóta styrks samkvæmt lögunum skulu njóta launa í samræmi við kjarasamninga sem launanefnd sveitarfélaga gerir, sjá 9. gr. laganna. Samninganefnd sambandsins er því lögbundinn samningsaðili þeirra félaga vegna launa starfsfólks tónlistarskólanna.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) og Strætó bs. eru byggðasamlög í eigu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og fer Sambandið jafnframt með samningsumboð gagnvart Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna vegna starfsfólks SHS og gagnvart Sameyki vegna starfsfólks Strætó bs. Bæði stéttarfélögin eru aðilar að BSRB.



Reykjavík



Reykjavíkurborg hefur svo samið við önnur þau aðildarfélög BHM og BSRB sem við á, sem og við aðildarfélög innan Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og við félög utan bandalaga. Þeir viðsemjendur borgarinnar gera einnig kjarasamninga við Sambandið nú þegar, að undanskildu Félagi sjúkrahjálfa og Stéttarfélagi tölvunarfræðinga.

Samstarf opinberra launagreiðenda í kjaramálum hefur aukist til muna á allra síðustu árum. Opinberir vinnuveitendur, Reykjavíkurborg, önnur sveitarfélög og ríkið, hafa mótað sér sameiginlega kjarastefnu samkvæmt tillögu kjaramálaráðs sem staðfest var í borgarráði þann 4. júní 2019. Kjaramálaráð hefur þar verið mikilvægur vettvangur fyrir samráð opinberra vinnuveitenda og samhæfingu opinberrar kjaramálastefnu. Í sameiginlegri kjarastefnu ríkis og sveitarfélaga segir meðal annars að stefnan byggji á hagstjórnarlegum markmiðum fjármálaáætlunar og samkomulagi ríkis og sveitarfélaga varðandi markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga. Opinberri kjarastefnu er ætlað að vera leiðarljós við undirbúning og gerð kjarasamninga.

Þá hafa Reykjavíkurborg og Sambandið komið á fót Jafnlaunastofu sf. sem hefur meðal annars það hlutverk að hafa umsjón með rekstri verkefnastofu starfsmats. Verkefnastofa metur störf sveitarfélaganna samkvæmt starfsmatskerfinu SAMSTARF og hafa allir viðsemjendur Reykjavíkurborgar í kjarasamningum, utan aðildarfélaga Kennarasambands Íslands og Félags íslenskra hljómlistarmanna, samið um að meta störf samkvæmt starfsmatskerfinu.

Þessi misserin er ennfremur unnið að svokallaðri virðismatsvegferð kennara á grundvelli innanhússtíllögu ríkissáttasemjara frá 25. febrúar 2025 og er þar meðal annars unnið að samamburði á launum félagsfólks KÍ annars vegar og annarra háskólamenntaðra starfsmanna sveitarfélaganna hins vegar sem og samamburði á kjörum milli almenna og opinberra vinnumarkaðarins. Ein meginstefna sveitarfélaganna í þeirri vegferð er að við fyrirhugaða upptöku virðismats í kjarasamningum aðildarfélaga KÍ verði horft til þeirrar launatöflu sem gildir um aðra háskólamenntaða starfsmenn sveitarfélaganna. Það liggur því fyrir, ef aðilar ná saman um upptöku virðismatsins í kjarasamninga aðila, að í náinni framtíð mun sameiginlegt mat á virði kennarastarfa ýta enn frekar undir mikilvægi þess að störf Reykjavíkurborgar verði metin að virði í samræmdu kerfi sem nær til allra starfa borgarinnar og að samræmi verði í viðbótarlaunamyndunarþáttum kjarasamninga, þvert á bandalög og kjarasamninga. Á það þá jafnt við um þá kjarasamninga sem að Reykjavíkurborg gerir og þá kjarasamninga starfsfólks borgarinnar þar sem samningsumboðið er nú þegar hjá Sambandinu.

Hagsmunir Reykjavíkurborgar liggja í þétu og öflugu samstarfi á vettvangi kjaramála hins opinbera og með hliðsjón af þróun mála á opinberum vinnumarkaði, sér í lagi með þeirri þróun sem hefur orðið á umræðu og umgjörð á virðismati starfa hins opinbera, er fullt tilefni til þess að endurskoða sérkjarasamningsstefnu Reykjavíkurborgar. Með sameiginlegri kjarasamningsgerð mætti styrkja samningsstöðu sveitarfélaganna gagnvart viðsemjendum sínum en opinberir vinnuveitendur hafa lengi haft það að markmiði að styrkja samstarf sitt í kjaramálum og hvetja með því jafnframt til meira samstarfs viðsemjenda sinna, m.a. undir merkjum heildarsamtaka og bandalaga launafólks.

Mikilvægt er þó í ljósi umfangs og umsvifa Reykjavíkurborgar í mannauðs- og starfsmannamálum sveitarfélaganna að tryggja fulltrúa Reykjavíkurborgar beina aðkomu að mótun stefnu og samningsmarkmiða í sameiginlegri kjarasamningsgerð, með föstu sæti fulltrúa borgarinnar í kjaramálanefnd Sambandsins. Er því gert ráð fyrir því í



Reykjavík



fyrirliggjandi drögum að samkomulagi Reykjavíkurborgar og Sambandsins um kjarasamningsumboð. Þar kemur jafnframt fram um heimildir til afturköllunar umboðsins að ákveði sveitarfélag að afturkalla umboðið skuli það gert með skriflegu erindi til Sambandsins eigi síðar en þremur mánuðum áður en gildandi kjarasamningar renni út og tekur þá gildi við lok samningstímans.

Með virkri aðkomu fulltrúa Reykjavíkurborgar að mótun samningsstefnu Sambandsins, þéttu samstarfi kjarasviðs sambandsins og MOS og með áframhaldandi forræði borgarinnar á viðbótarlaunakerfi vegna fastlaunahópa megi tryggja samkeppnishæfni Reykjavíkurborgar innan sameiginlegrar kjarasamningsgerðar.

Jafnlaunastofa

Samhliða því að Sambandinu verði falið samningsumboð fyrir alla viðsemjendur Reykjavíkurborgar er rétt að endurskoðað verði sameiginlegt eignarhald og ábyrgð á sameignarfélagi aðila, Jafnlaunastofu sf. Eignarhald þess félags hefur verið á höndum annars vegar Reykjavíkurborgar og hins vegar Sambandsins í jöfnum framlögum og þá meðal annars vegna þess að um tvo samningsaðila hefur verið að ræða með ákvæði um starfsmatskerfið SAMSTARF í kjarasamningum sínum og viðsemjenda.

Í kjölfar þess að sambandinu verði falið samningsumboð Reykjavíkurborgar er rétt að endurskoða eignarhald félagsins með það að markmiði að ábyrgð og framlög Reykjavíkurborgar til Jafnlaunastofu verði þá ákvörðuð með sömu forsendum og framlög annarra sveitarfélaga, þá með því samningsgjaldi sem ákvarðað er á grundvelli umboðs til kjarasamningsgerðar. Beint eignarhald Reykjavíkurborgar að félaginu verði þannig endurskoðað og rekstrarform Jafnlaunastofu sf. þar með, enda getur Sambandið ekki orðið einn eigandi Jafnlaunastofu með óbreytt rekstrarform. Þá hefur það lengi verið markmið aðila og kemur fram í núverandi sameignarfélagssamningi aðila að stefnt skuli að því að bjóða ríkinu að verða aðili að félagssamningum.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að gengið verði frá viljayfirlýsingu aðila um endurskoðun og breytingar á sameiginlegu eignarhaldi Jafnlaunastofu sf. frá næstu áramótum og Sambandinu verði þar jafnframt fengið að kanna sjónarmið ríkisins hvað aðkomu að rekstri varðar. Óháð því hver niðurstaðan verði um vilja ríkisins er lagt til að breytingar á eignarhaldi Jafnlaunastofu og áhrif á framlög til rekstursins taki gildi frá og með 1. janúar 2027, sjá til hliðsjónar ákvæði 13. gr. samningsins um gildistöku breytinga við áramót.

Kostnaður - hagræðing

Kostnaður vegna samninganefndar Reykjavíkurborgar er nú á ársgrundvelli, miðað við fjárhæðir launagreiðslna og launatengd gjöld í júlí mánuði 2026 18.1 m.kr. vegna greiðslna til fulltrúa í samninganefnd, og vegna starfa formanns og varaformanns á skrifstofu kjaramála 40.7 m.kr. eða samtals kr. 58.8 m.kr. Þá eru framlög Reykjavíkurborgar til reksturs Jafnlaunastofu vegna 50% eignarhalds 55.5 m.kr. á árinu 2026.

Samkvæmt upplýsingum frá sambandinu er samningsgjald Reykjavíkurborgar vegna allra viðsemjenda og miðað við 9.265,5 stöðugildi¹ áætlað rétt tæpar 48.4 m.kr. með framlögum til reksturs Jafnlaunastofu. Áætlað hagræði af því að fela sambandinu að annast alla kjarasamningsgerð fyrir hönd Reykjavíkurborgar, með breytingum á eignarhaldi Jafnlaunastofu og breytingum á störfum á sviðinu er því tæpar 65.5 m.kr.



Reykjavík



Með hliðsjón af öllu framangreindu og með hagsmuni og þarfir Reykjavíkurborgar að leiðarljósi leggur undirrituð til að Reykjavíkurborg feli Sambandinu að annast kjarasamningsgerð fyrir Reykjavíkurborg gagnvart öllum viðsemjendum frá og með 1. október nk.

Virðingafyllst,
Lóa Birna Birgisdóttir
sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs



Reykjavík

SAMKOMULAG UM KJARASAMNINGSUMBOÐ

Sveitarfélag / stofnun: Reykjavíkurborg	Kennitala: 530269-7609
---	----------------------------------

felur hér með Sambandi íslenskra sveitarfélaga fullnaðarumboð til kjarasamningagerðar fyrir sína hönd við eftirtalin stéttarfélög.

Framkvæmdastjóri sveitarfélags/stofnunar staðfestir umboðsveitingu sveitarfélags/stofnunar með undirritun samkomulags þessa. Kjarasamningsumboðin taka gildi frá undirskriftardegi.

Kennarasamband Íslands:

Kennarasamband Íslands	Kennarasamband Íslands	Kennarasamband Íslands
Öll stéttarfélög innan KÍ	Kennarasamband Íslands	

Stéttarfélög innan BHM:

Félag íslenskra hljómlistarmanna	Félag íslenskra náttúrufræðinga	Félagsráðgjafafélag Íslands
Iðjuþjálfafélag Íslands	Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga	Sálfræðingafélag Íslands
Stéttarfélag lögfræðinga	VISKA	Proskapþjálfafélag Íslands
Félag sjúkrapjálfa		BHM félög

Stéttarfélög innan BSRB:

Sameyki – stéttarfélag í almannabjónustu	Sjúkraliðafélag Íslands	BSRB félög
BSRB félög	BSRB félög	BSRB félög
	BSRB félög	

ASÍ - Stéttarfélög innan Starfsgreinasambandsins:

Efling stéttarfélag	ASÍ Starfsgreinasambandið
---------------------	---------------------------

ASÍ - Iðnfélög:

Samiðn - Samband iðnfélaga	VM Félag vélstjóra og málm-tæknimanna	Rafiðnaðarsamband Íslands MATVÍS
----------------------------	---------------------------------------	-------------------------------------

Stéttarfélög utan bandalaga:

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	Samband stjórnendafélaga Stéttarfélag tölvunarfræðinga	Verkfræðingafélag Íslands Utan bandalaga
-----------------------------------	---	---

1. gr. Kjarasamningsumboð

Kjarasvið sambandsins mun á grundvelli þessa umboðs sem sveitarfélag/stofnun hefur veitt annast allar kjaraviðræður við viðkomandi stéttarfélög, ganga frá kjarasamningum og annast útgáfu þeirra í samráði við viðkomandi stéttarfélög. Vinna að framkvæmd einstakra þátta samninganna á samningstímanum eins og við á og túlka og aðstoða sveitarfélagið/stofnunina við framkvæmd þeirra.

Umboð þetta er fullnaðarumboð og eftir að það hefur verið veitt er sveitarfélaginu/stofnuninni ekki heimilt að hafa afskipti af kjarasamningagerð. Sveitarfélagið/stofnunin skuldbindur sig til að hlíta markmiðum og stefnu sambandsins í kjaramálum og þeim kjarasamningum sem sambandið gerir fyrir þess hönd í öllum atriðum, með staðfestingu stjórnar sambandsins.

Það er skilyrði umboðs þessa að fulltrúi Reykjavíkurborgar eigi sæti í kjaramálanefnd sambandsins. Verði breytingar á því fellur umboðið niður án frekari fyrirvara.

2. gr. Upplýsingar um laun og önnur starfskjör

Sveitarfélagið/stofnunin skuldbindur sig til að afhenda Sambandi íslenskra sveitarfélaga upplýsingar um laun og önnur starfskjör starfsmanna sveitarfélagsins/stofnunarinnar með rafrænum hætti m.a. í gegnum gagnalón, sbr. einnig fyrirbyggjandi samkomulag aðila um sameiginlega ábyrgð þeirra. Einnig heimilar sveitarfélagið/stofnunin að ópersónurekjanleg launagögn verði afhent viðkomandi heildarsamtökum launþega sem um það gera samkomulag við sambandið.

3. gr. Ábyrgð á verndun persónuupplýsinga

Við vinnslu persónuupplýsinga ber bæði sveitarfélaginu/stofnuninni og Sambandi íslenskra sveitarfélaga að gæta að skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Í þeim tilgangi hafa aðilar undirritað samkomulag um sameiginlega ábyrgð þeirra við vinnslu persónuupplýsinga, sem telst vera hluti umboðs þessa. Aðilar samkomulagsins eru sjálfstæðir ábyrgðaraðilar og hafa sjálfstæða heimild til vinnslu persónuupplýsinga, sveitarfélagið á grundvelli laga og sambandið á grundvelli umboðs þessa. Aðilar samkomulagsins bera hver um sig ábyrgð á þeirri vinnslu sem þeir inna af hendi og ákveða hvaða aðferðum er beitt í þeirri vinnslu að því leyti sem þeir hafa ekki komið sér saman annað í tilvitnuðu samkomulagi.

4. gr. Afturköllun umboðs

Ef sveitarstjórn/stofnun afturkallar kjarasamningsumboð sitt skal það gert með skriflegu erindi til sambandsins eigi síðar en þrem mánuðum áður en gildandi kjarasamningur rennur út. Afturköllunin tekur gildi við lok gildistíma kjarasamningsins.

Ef sveitarfélagið/stofnunin rýfur að mati sambandsins þá skuldbindingu sem hér að framan greinir gagnvart einhverjum þeim kjarasamningi sem veitt hefur verið umboð til að semja um fyrir sveitarfélagið/stofnunina er stjórn sambandsins heimilt, án bóta eða endurgreiðslu á kostnaðarhlutdeild sveitarfélagsins/stofnunarinnar í rekstrarkostnaði sambandsins vegna gerðar kjarasamninga, að skila öllum kjarasamningsumboðum sem sveitarfélagið/stofnunin hefur veitt sambandinu og hætta þjónustu við það á sviði kjaramála. Þannig munu öll ákvæði sem lúta að hlutverki sambandsins í viðkomandi kjarasamningum falla niður gagnvart viðkomandi sveitarfélagi/stofnun og verður þá sveitarfélagið/stofnunin ábyrg fyrir viðkomandi þáttum við framkvæmd kjarasamninga án afskipta sambandsins.

5. gr. Samningsgjald vegna umboðs

Samband íslenskra sveitarfélaga innheimtir samningsgjald af sveitarfélögunum/stofnunum fyrir þjónustu í kjaramálum. Gjaldið er miðað við uppdeilingu kostnaðar á grundvelli stöðugilda.

6. gr. Rafræn undirritun umboðs

Aðilar hafa kynnt sér efni þessa umboðs og staðfesta með rafrænni undirritun sinni rétt sinn til undirritunar fyrir hönd sveitarfélagsins/stofnunar. Samþykkir undirritaður/undirrituð framangreint umboð og skilmála þess á grundvelli samþykktar sveitarstjórnar samkvæmt markmiðum og stefnu sambandsins í kjaramálum. Samkomulag þetta staðfestist jafnframt með rafrænni undirritun framkvæmdastjóra sambandsins fyrir hönd stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Hvor samningsaðili um sig varðveitir eintak með rafrænni undirritun skjalsins.



Viljayfirlýsing um endurskoðun á eignarhaldi Jafnlaunastofu

Reykjavíkurborg kt. 530269-7609 og Samband íslenskra sveitarfélaga 550269-4739 gera með sér eftirfarandi viljayfirlýsingu um að ganga frá breytingu á eignarhaldi og ábyrgð á sameignarfélagi aðila, Jafnlaunastofu sf.

Eignarhald sameignarfélagsins hefur verið jafnt skv. sameignarfélagssamningi dags. 5. nóvember 2021. Samkvæmt 13. gr. samningsins skal breyting á eignarhaldi miðast við áramót. Í sömu grein kemur fram að stefnt skuli að því að bjóða ríkinu að verða aðili að félagasamningnum.

Aðilar eru sammála um að í kjölfar þess að Sambandinu verði falið samningsumboð Reykjavíkurborgar í kjaraviðræðum sé rétt að endurskoða eignarhald félagsins með það að markmiði að ábyrgð og framlög Reykjavíkurborgar til Jafnlaunastofu verði þá ákvörðuð með sömu forsendum og framlög annarra sveitarfélaga, það er með því samningsgjaldi sem ákvarðað er á grundvelli umboðs til kjarasamningsgerðar.

Aðilar eru sammála að beint eignarhald Reykjavíkurborgar að félaginu verði þannig endurskoðað og taki breytingum frá 1. janúar 2027. Þann kann að leiða af sér að rekstrarform verði endurskoðað, þ.e. ef ekki kemur til aðkoma ríkisins, og verður stjórn Jafnlaunastofu falið að ganga frá því fyrir áramót.

Reykjavík, X september 2026

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga

